

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2002

27. maí 2002

1157

Nr. 396

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II vegna aðkeyrslu að lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II vegna aðkeyrslu að lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. maí 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

30. apríl 2002

Nr. 397

REGLUR

samkeppnisráðs um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmeitt samráð fyrirtækja.

I. KAFLI

Sekt felld niður.

1. gr.

Samkeppnisráð mun fella niður sekt á fyrirtæki sem annars hefði verið sektað ef:

- a) fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólögmeitu samráði á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 eða
- b) fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna brot gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

2. gr.

Niðurfelling á sekt á grundvelli a-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef samkeppnisyfirvöld, hafa ekki undir höndum fullnægjandi sönnunargögn til að hefja rannsókn á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga þegar sönnunargögn eru lögð fram.

Niðurfelling á sekt á grundvelli b-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef samkeppnisyfirvöld hafa ekki fullnægjandi sönnunargögn til að sanna hið ólögmeita samráð, sbr. 10. gr. samkeppnislaga, og ekkert fyrirtæki hefur hlotið niðurfellingu á sektum á grundvelli a-liðar 1. gr. þegar sönnunargögn eru lögð fram.